

OKKAR Séreign

Örorkutrygging vegna slysa og sjúkdóma

HUGTAKA- OG ORÐASKILGREININGAR:

Félagið: Sá sem með samningi skuldbindur sig til að veita váttryggingu, hér OKKAR líftryggingar hf.

Váttryggingartaki: Sá sem gerir hópsamning við félagið.

Hópur: Sjóðfélagar í séreignarsjóði váttryggingartaka.

Váttryggður: Aðili úr hópnum sem sótt hefur um og fengið váttryggingu hjá OKKAR líftryggingum hf. og sem váttryggingin tekur til.

Váttryggingaratburður: Atvik sem samkvæmt váttryggingarsamningi veldur því að til greiðslu bóta getur komið.

Váttryggingarskríteini: Staðfesting félagsins á því að váttryggingarsamningur hafi verið gerður.

OKKAR Séreign: OKKAR Séreign er samningur um viðbótarlífeyrissparnað með örorkutryggingu vegna slysa og sjúkdóma ætluð sjóðfélögum séreignarlífeyrissjóðs sem gerir hópsamning við félagið.

Upphaf ábyrgðar félagsins: Dagsetning samþykktar umsóknar, að því gefnu að greiðsla fyrsta árs iðgjalds eins og það er skilgreint í 5. grein skilmálanna hafi borist félaginu innan 10 mánaða frá undirritun.

Aðalgjald dagi: Aðalgjald dagi váttryggingarinnar er einu sinni á ári.

1. GR. INNGANGUR

Váttrygging þessi er hóprtrygging fyrir sjóðfélaga sem greiða í séreignarsjóð váttryggingartaka. Grundvöllur váttryggingarsamningsins eru skilmálar þessir, upplýsingar á váttryggingarumsókn, samningur um viðbótarlífeyrissparnað og önnur gögn sem tengjast samningnum bæði við upprunalega gerð hans og síðar.

Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskríteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

2. GR. UM GILDISTÖKU VÁTTRYGGINGARINNAR, GILDISTÍMA OG UPPSÖGN

Váttryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

Váttryggingin tekur gildi þegar félagið hefur móttekið og samþykkt undirritaða umsókn og greiðsla fyrsta árs iðgjalds hefur borist félaginu.

Váttryggingin gildir frá þeim tíma sem tilgreindur er í váttryggingarskríteini, og til þess tíma sem tiltekinn er í váttryggingarskríteini, þó að hámarki til 60 ára aldurs váttryggðs (sjá einnig 15. gr.). Félagið váttryggir ekki einstaklinga yngri en 20 ára.

Váttryggður hefur 30 daga frest (iðrunarfrest) til að segja váttryggingunni upp, frá þeim tíma er honum barst tilkynning frá félaginu um gildistöku samningsins.

Eftir þann tíma getur váttryggður sagt váttryggingunni upp hvenær sem er á váttryggingartímanum. Váttryggingunni skal sagt upp skriflega.

2.1. GILDISSVIÐ

Váttryggingin greiðir bætur vegna sjúkdóms eða meins sem greinist **eftir gildistöku váttryggingarinnar**.

Váttryggingin greiðir einnig bætur vegna slyss váttryggðs sem á sér stað **eftir gildistöku váttryggingarinnar**.

Váttryggingin bætir **ekki** afleiðingar sjúkdóms eða meins sem hefur komið fram (þ.e. einkenni eða greining) fyrir gildistöku váttryggingarinnar og váttryggður veit eða mátti vita um við undirritun váttryggingasamnings eða eftir að váttryggingin féll úr gildi.

Váttryggingin bætir **ekki** afleiðingar slyss sem rekja má til atburðar sem váttryggður veit eða mátti vita um og átti sér stað fyrir undirritun váttryggingasamnings eða eftir að váttryggingin féll úr gildi.

3. GR. SVIK OG RANGAR UPPLÝSINGAR

Hafi váttryggingartaki eða váttryggður vanrækt upplýsingaskyldu sína, sviksamlega eða með þeim hætti sem ekki telst óverulegur, hvað varðar atvik sem hafa þýðingu við mat félagsins á áhættunni, getur það haft í för með sér að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta, uppsögn samningsins eða hækkun iðgjalds, sbr. XIII. kafla laga nr. 30/2004.

4. GR. SKYLDUR VÁTTRYGGÐS Á VÁTTRYGGINGARTÍMANUM

Tilkynna ber skriflega hverja breytingu sem kann að verða á starfi váttryggðs. Félagið mun í þeim tilvikum meta hvort váttryggingin skuli gilda áfram óbreytt, gilda með breyttum kjörum eða falla úr gildi.

Vanræki váttryggður að tilkynna um slíka breytingu getur ábyrgð félagsins fallið niður samkvæmt ákvæðum laga nr. 30/2004.

Falli váttryggingin niður eða iðgjald breytist vegna áhættubreytingar, endurreiknast iðgjaldið fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.

5. GR. GREIÐSLA IÐGJALDS

Iðgjald váttryggingar mun nema allt að jafnvirði fyrstu 2ja mánaða innborgana í séreignarsjóðinn, miðað við upplýsingar sem uppgæfnar eru á umsókn. Váttryggingartaki, eða aðili sem váttryggingartaki vísar til, skal sjá um að draga iðgjald váttryggingar af iðgjaldi sjóðfélaga og greiða til félagsins. Séu heildarinnngreiðslur váttryggðs í séreignarlífeyrissjóð á síðustu 24 mánuðum lægri en sem nemur næsta ársiðgjaldi váttryggingarinnar, fellur váttryggingin niður sbr. 15. gr.

6. GR. BÓTAGREIÐSLUR SAMKVÆMT VÁTTRYGGINGAR-SAMNINGNUM

Váttryggingarfjárhæð kemur fram á skríteini og í tilkynningu um aðalgjald dagi. Váttryggingin er eingreiðsluváttrygging og við greiðslu bóta vegna örorku fellur hún úr gildi.

Bætur vegna váttryggingar þessarar greiðast inn á séreignarsjóð váttryggðs.

Krafa um bætur eða váttryggingarfjárhæð fellur í gjald daga 14 dögum eftir að fullnægjandi sannanir hafa borist fyrir bótaskyldu félagsins og unnt er að ákveða fjárhæð bótanna. Félagið áskilur sér rétt til þess að afla nauðsynlegra og fullnægjandi gagna áður en bætur eru ákveðnar og greiddar.

7. GR. ÖRORKUBÆTUR VEGNA VARANLEGRAR LÆKNISFRÆÐILEGRAR ÖRORKU

7.1. GR. SKILGREININGAR

Váttryggingin bætir varanlega læknisfræðilega örorku af völdum sjúkdóms eða slyss eins og hún er metin af hálfu sérfræðinga á vegum félagsins á grundvelli ákvæða 7.1.1. og 7.1.2. Varanleg læknisfræðileg örorka skal metin þegar stöðugleika er náð og ekki að vænta frekari bata váttryggðs vegna sjúkdómsins eða slyssins.

Ef örorkustigið er lægra en 50% vegna sjúkdóms og lægra en 25% vegna slyss eru ekki greiddar út bætur vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku.

Með „varanlegri læknisfræðilegri örorku“ í váttryggingu þessari, er átt við að sjúkdómur eða slys hefur haft í för með sér varanlega skerðingu á líkamlegri getu hins váttryggða af völdum váttryggingaratburðarins, sbr. mat skv. ákvæðum 7.1.1. og 7.1.2.

7.1.1. GR. VARANLEG LÆKNISFRÆDILEG ÖRORKA VEGNA SLYSS

Örorku skal meta í hundraðshlutum samkvæmt töflum örorkunefndar um miskastig sem í gildi eru þegar örorkumat fer fram. Við ákvörðun örorkunnar ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika eða þjóðfélagsstöðu. Lágmarksörorka er 25% vegna slyss.

Sé áverka eða ástands ekki getið í töflum örorkunefndar um miskastig skal meta það sérstaklega með hliðsjón af töflunum.

Með orðinu „slys“ er hér átt við skyndilegan utanaðkomandi atburð sem veldur meiðslum á líkama váttryggðs og gerist án vilja hans.

7.1.2. GR. VARANLEG LÆKNISFRÆDILEG ÖRORKA VEGNA SJÚKDÓMS

Örorku skal meta í hundraðshlutum og skal beitt læknisfræðilegu mati. Lágmarkörorka er 50% vegna sjúkdóma.

Við ákvörðun á varanlegri læknisfræðilegri örorku vegna sjúkdóms ber ekki að taka tillit til starfs, sérstakra hæfileika né þjóðfélagsstöðu. Við matið skal að öðru leyti hafa til hliðsjónar miskatöflur örorkunefndar, sbr. 3. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með síðari breytingum, eða eftir atvikum aðrar sambærilegar viðurkenndar töflur um miskastig.

7.2 GR. BÓTAFJÁRHÆDIN

Vegna 100% örorku, skv. mati á grundvelli ofangreindra ákvæða 7.1.1. og 7.1.2., greiðist váttryggingarfjárhæðin að fullu en við minni örorku hlutfallslega. Örorka getur aldrei talist meiri en 100%. Miða skal við þá váttryggingarfjárhæð sem í gildi er á tjónsdegi. Falli váttryggingin úr gildi áður en til greiðslu bóta á grundvelli örorkumats kemur, skal miða við þá fjárhæð sem í gildi var á tjónsdegi.

7.3 GR. BÓTARÉTTURINN

Rétturinn til bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku skapast þegar sjúkdómur eða slys hefur valdið varanlegri skerðingu á líkama hins váttryggða, og ástand hans er stöðugt. Þegar um varanlega læknisfræðilega örorku er að ræða skapast réttur til greiðslu bóta vegna örorku í fyrsta lagi 12 mánuðum eftir að sjúkdómurinn greinist eða slysið varð og fyrir liggur örorkumat sem staðfestir varanlegar afleiðingar.

Ef líkur eru til að ástand váttryggðs megi bæta með skurðarðgerðum eða öðrum slíkum aðgerðum og hann veigrar sér við án gildra ástæðna að gangast undir slíkar aðgerðir, ber að taka tillit til hugsanlegs bata, sem slíkar aðgerðir kynnu að hafa í för með sér.

Fresta má örorkumati svo lengi sem þörf krefur samkvæmt læknisfræðilegri reynslu eða vegna fyrirbyggjandi möguleika á endurhæfingu, þó ekki lengur en í 3 ár frá tjónsatburði.

8. GR. TAKMARKANIR Á BÓTARÉTTI

Fyrir utan þær takmarkanir sem tilgreindar eru í 2.1 gr. hér að framan bætir váttryggingin ekki afleiðingar af völdum:

- Slys sem váttryggður verður fyrir í handalögmáli, við þátttöku í refsiverðum verknaði, undir áhrifum deyfing/eða fíkniefna eða í ölæði, nema sannað sé að ekkert samband hafi verið milli ástands þessa og slyssins,
- slysa sem verða við fjallaklifur, bjargsig, hnefaleika, glímu- og bardagaþróttir, akstursþróttir, fallhlífastökk og froskköfun,
- slysa sem verða vegna meðvitaðrar háttsemi, ásetnings eða stórkostlegs gáleysis váttryggðs,
- sjúkdóma eða slysa sem orsakast af neyslu áfengis, eitur-, deyfing- og nautnalyfja.

9. SKYLDUR VÁTTRYGGINGARTAKA VIÐ TJÓNSATBURÐ

Verði tjón sem talið er að váttryggingarskilmálar þessir taki til, skal tilkynna það félaginu án ástæðulauss dráttar og ef félagið metur þörf á, mæta til skoðunar hjá þeim lækni sem félagið tilnefnir.

Réttthafi bóta vegna varanlegrar læknisfræðilegrar örorku glatar rétti til bóta ef krafa er ekki gerð um bætur til félagsins innan árs frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem hún er reist á, sbr. 124. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga. Veiti sá er hyggst krefja félagið bóta rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fái greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við hann, sbr. 120. gr. laga nr. 30/2004.

10. GR. RÉTTTHAFI VÁTTRYGGINGARFJÁRHÆÐAR

Komi til greiðslu bóta leggst váttryggingarfjárhæðin inn á séreignarsjóð váttryggðs hjá váttryggingartaka og greiðist út samkvæmt gildandi lögum um útborgun lífeyrissparnaðar.

11. GR. IÐGJALDABREYTINGAR, BREYTINGAR Á FJÁRHÆÐ OG RÉTTUR TIL BREYTINGA Á SKILMÁLUM

Félagið áskilur sér rétt til að breyta skilmálum og iðgjaldi váttryggingarinnar á váttryggingartímanum, sbr. 133. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggingarfjárhæðin lækkar á aðalgjaldsdaga ár hvert og miðast lækkunin við að iðgjald haldist óbreytt.

12. GR. FYRNING

Um fyrningu bótakrafna fer eftir ákvæðum laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

13. GR. ÁGREININGUR UM BÓTASKYLDU

Með frágangi formlegs málskots og greiðslu málskotsgjalds er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004, fyrir Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Upplýsingar um nefnd þessa og starfshætti veitir Fjármálaeftirlitið.

Þjónusta nefndarinnar eða málskot til hennar skerðir ekki rétt hlutaðeigandi til að leggja málið fyrir almenna dómstóla hér á landi.

14. GR. FRESTUR TIL LÖGFRÆDILEGRA AÐGERÐA

Hafni félagið kröfu um bætur í heild eða að hluta glatar sá sem rétt á til bóta þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar málsins fyrir úrskurðarnefnd skv. 141. gr. laga nr. 30/2004 innan árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um höfnunina frá félaginu.

15. GR. LOK VÁTTRYGGINGAR

Váttrygging einstakra aðila fellur úr gildi við greiðslu bóta. Váttryggingin fellur sömuleiðis úr gildi ef:

- Heildarinnngreiðslur váttryggðs í séreignarsjóð á síðustu 24 mánuðum eru lægri en sem nemur næsta ársiðgjaldi váttryggingarinnar,
- váttryggður segir upp samningi um OKKAR Séreign,
- samningur félagsins og váttryggingartaka hefur fallið úr gildi.

Falli váttrygging úr gildi af öðrum orsökum en við bótageiðslu er verðmæti hennar ekkert.

16. GR. MÁLSMEÐFERÐ

Mál sem rísa kunna vegna váttryggingar þessarar skulu rekin fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.